

Föstudaginn 20. maí 1983.

Nr. 228/1980. **Landeignafélag Laxár og Mývatns**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Páli Magnússyni**og gagnsök**

(Jón Bjarnason hrl.).

Þóknun fyrir gerðardómsstörf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1980. Í þinghaldi 3. nóvember sama ár var ekki sótt þing af hans hálfu, og féll málssóknin niður samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 75/1973. Með heimild í 36. gr. sömu laga hefur hann áfrýjað að nýju 18. nóvember 1980. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 23. október 1980 til þingfestingar 3. nóvember sama ár. Útivist varð af hans hálfu þann dag. Áfrýjaði hann málinu að nýju með stefnu 1. desember sama ár og samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur gagnáfrýjanda eru þær, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 7.000.00 með 7% ársvöxtum af kr. 2.954.86 frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 8. október 1975, sömu ársvöxtum af kr. 8.000.00 frá þeim degi til 8. janúar 1976, en af kr. 7.000.00 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. sama mánaðar og með dómvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, er meðal annars deilt um greiðslu á eftirstöðvum reiknings gagnáfrýjanda, 1.221.94 nýkrónur, en reikningur þessi var upphaflega að fjárhæð 3.054.86 nýkrónur. Telur gagnáfrýjandi hann vera vegna starfa sinna og útlagðs kostnaðar á árunum 1969—1971 vegna deilna, er risu af fyrirhugaðri virkjun Laxár í Aðaldal. Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að kröfunni sé ranglega beint að honum, og bent á, að Landeigendafélag Laxár og Mývatns hafi ekki verið stofnað fyrr en í aprilmánuði 1970. Sé það því á misskilningi byggt í hérðsdómi, að stofnfundur þess hafi verið haldinn 21. september 1969. Landeigendafélagið hafi því eigi ráðið gagnáfrýjanda til þeirra starfa, er hér skiptu máli. Í bréfi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda hinn 5. desember 1973 segir: „Ríkið hefur í sambandi við 5. gr. í samningi til lausnar Laxárdeilu, þar sem kveðið er á um greiðslu hæfilegrar upphæðar af ríkisins hálfu til deiluaðila vegna kostnaðar, metið reikning þinn til greiðslu 60% sem annarra, er unnu fyrir þessi mál. Samkvæmt því greiðir Landeigendafélag Laxár og Mývatns þér nú

	kr. 173.292,00
Áður greitt	— 10.000,00
	Samt. kr. 183.292,00

Eftirstöðvar eru þá kr. 122.194,00

Óska kvittunar fyrir þessari greiðslu sem fyrst“.

Með vísan til framanritaðs verður að telja, að eigi síðar en með bréfi þessu hafi aðaláfrýjandi orðið skuldbundinn til að greiða gagnáfrýjanda reikningsfjárhæðina að fullu. Skiptir því ekki máli við úrlausn þessa kröfuliðs, hvort það var aðaláfrýjandi, sem óskaði upphaflega aðstoðar gagnáfrýjanda í Laxárdeilunni eða eigi.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, Þó með þeim breytingum á vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Af hálfu aðaláfrýjanda var fallist á vaxtakröfu gagnáfrýjanda hér fyrir dómi að öðru leyti en því, að upphaf dómvaxta bæri að miða við 1. desember 1980.

Það athugast, að við munnlegan málflutning hér fyrir dóminum mótmælti aðaláfrýjandi ýmsum liðum í reikningi gagnáfrýjanda yfir

útlagðan kostnað, 705.56 nýkrónum, vegna setu hans í gerðardómi aðiljanna 1974. Af gögnum málsins verður ekki séð, að mótmæli þessi hafi verið höfð uppi fyrir héraðsdómi. Ber því að fallast á það með gagnáfrýjanda, að þau séu of seint fram komin, og verða þau ekki tekin til greina.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 9.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir reiknist 7% ársvextir af 1.221.94 krónum frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvextir frá þeim degi til 8. október 1975 og sömu ársvextir frá þeim degi af 3.221.94 krónum til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 30% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir degi til 1. júní 1981, 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði gagnáfrýjanda, Páli Magnússyni, samtals 9.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar
og Sigurgeirs Jónssonar.**

Fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda mátti vera ljóst, að gagnáfrýjandi taldi félagið greiðanda reiknings þess, sem hann sendi því, enda var reikningurinn stílaður á nafn þess. Hafði gagnáfrýjandi ekki

sambýkkt að hlíta úrskurði fjármálaráðuneytis um fjárhæð reikningsins. Í hinum áfrýjaða dómi eru rakin ummæli eins fyrirvarsmanna aðaláfrýjanda um þýðingu starfa gagnáfrýjanda fyrir aðaláfrýjanda. Hefur aðaláfrýjandi ekki sýnt fra á, að fjárhæð reikningsins sé ósanngjörn. Ber aðaláfrýjanda því að greiða eftirstöðvar reikningsins.

Með þessari athugasemd erum við sammála því, sem í dóminum greinir að öðru leyti.

Dómur aukadómpings Þingeyjarsýslu 28. desember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 28. desember, var á aukadómpingi Þingeyjarsýslu, sem háð var að Víðigrund 5 á Sauðárkróki af Jóhanni Salberg Guðmundssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 16/1976: Páll Magnússon gegn Landeigendafélagi Laxár og Mývatns.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómpinginu af Páli Magnússyni lögfræðingi, til heimilis að Laufásvegi 44, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 3. desember 1976 og birtri 14. s. m., gegn Landeigendafélagi Laxár og Mývatns í Þingeyjarsýslu til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 800.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot út mánuði af kr. 295.486 frá 15. júlí 1971 til 15. desember 1973, af kr. 300.000 frá þeim degi til 8. október 1975 og af kr. 800.000 frá þeim degi til 20. nóvember 1976, en 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greisludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða síðar framlögðum reikningi. Við flutning málsins hefur dómkrafa verið lækkuð úr kr. 800.000 í kr. 700.000 vegna greiðslu kr. 100.000 upp í kröfuna þann 8. janúar 1976, og er því vaxtakröfu breytt þannig, að krafist er 2% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 700.000 frá 8. janúar 1976 til 20. nóvember s. á. og 2½% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að henn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Þetta mál var þingfest á aukadómpingi Þingeyjarsýslu þann 15. desember 1976. Þann 16. s. m. kvað hinn reglulegi dómari, Sigurður Gizurarson sýslumaður, upp þann úrskurð, að hann skyldi víkja sæti dómara í málinu. Þann 24. mars 1977 skipaði dómsmálaráðuneytið Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumann til þess sem setudómara að fara með málið. Þann 26. janúar 1978 var málið tekið fyrir og því þá frestað til 9. febrúar s. á. vegna greinargerðar af hálfu stefnda. Þann 8. s. m. varð dómariinn fyrir slysi, sem leiddi til þess, að hann þurfti að vera í sjúkrahúsi um 3 mánaða

skeið og nokkuð lengur slappur til starfa af þessum sökum. Þann 27. febrúar þ. á. var málið flutt munnlega og tekið til dóms. Þann 28. f. m. var málið endurflutt og síðan tekið til dóms á ný. Sáttir voru reyndar án árangurs.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 60/1965 var Laxárvirkjun heimilað að reisa allt að 12000 kw raforkuver í Laxá við Brúar. Í 5. gr. laga þessara segir, að til þess að koma upp nýrri aflstöð og aðalorkuveitum þurfi Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með orkumál.

Laxárvirkjun hafði látið hanna raforkuver í Laxá, svonefnda Gljúfurversvirkjun, og var áætlun um virkjun þessa gefin út í janúar 1968. Landeigendur á Laxársvæðinu lögðust þegar gegn framkvæmdum þeim, sem í áætlun þessari fólust. Stefnandi heldur því fram, að landeigendur hafi ráðið hann til þess að vinna að því, að áætlun þessi kæmi ekki til framkvæmda. Kveðst stefnandi þegar hafa farið norður og átt frumkvæði að því, að stofnað var Landeigendafélag Laxár og Mývatns. Kveðst hann síðan hafa unnið fyrir það félag með Þóri Baldvinssyni arkitekt, sem félagið hafði einnig fengið til starfa fyrir sig.

Hinn 18. maí 1973 var gerður samningur mill stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands. Í 3. gr. þessa samnings segir, að gerðardómur þriggja valinkunnra manna skuli skera úr skaðabótakröfu landeigenda við Laxá og Mývatn á hendur Laxárvirkjun. Stefnandi tók sæti í gerðrdómi þessum samkvæmt tilnefningu stefnda.

Krafa stefnanda í máli þessu er út af eftirstöðvum þóknunar, sem hann telur ógreiddar sér, fyrir vinnu við framngreint mál, útlögðum kostnaði og dagpeningum.

Hinn 15. júlí 1971 sendi stefnandi stefnda reikning að fjárhæð kr. 305.486. Upp í þá fjárhæð hafði stefndi greitt kr. 10.000 hinn 4. desember 1969, og hinn 5. desember 1973 greiddi stefndi stefnanda kr. 173.292 upp í reikning þenna. töldust eftirstöðvar reikningsins þá nema kr. 122.194. Við þessa fjárhæð bætti stefnandi 8. október 1975 kr. 177.806 í vexti og verðbólguþætur, sem hann svo nefnir, og enn fremur kr. 500.000 í ferðakostnað sumarið 1974 og annan útlagðan kostnað svo og þóknun vegna vinnu og dagaþinga. Þessar 3 síðastgreindar tölur nema samtals kr. 800.000. Frá þeirri fjárhæð dragast skv. framanrituðu kr. 100.000, sem voru greiddar stefnanda 8. janúar 1976. Dómkrafa stefnanda nemur því kr. 700.000 auk vaxta, eins og áður greinir, svo og málskostnaðar

Stefndi hefur mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefndi hafi ráðið hann fyrir sig til þeirra starfa, sem stefnandi heldur fram, vegna áætlana um frmakvæmdir við Gljúfurversvirkjun og að stefnandi hafi átt frumkvæðið að því, að stofnað var Landeigendafélag Laxár og Mývatns. Þá

telur stefndi, að stefnandi hafi hlaupist frá störfum í gerðardómi með því að segja sig úr dóminum. Á grundvelli þessa hefur stefndi mótmælt dómkröfu stefnanda, krafist sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Dómkröfur stefnanda eru tvíþættar. Fyrri þátturinn er reistur á kröfu stefnanda um vangreidda þóknun og útlagðan kostnað vegna vinnu hans í þágu stefnda. Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn af stefnda og tekið að sér fyrir hann að vinna gegn framkvæmd áætlunar um virkjun þá í Laxá, sem nefnd hefur verið Gljúfurversvirkjun, og þeirra erinda gert sér ferð norður í Þingeyjarsýslu og átt frumkvæði að stofnun Landeigendafélags Laxár og Mývatns. Síðan kveðst stefnandi hafa unnið fyrir félagið. Samkvæmt reikningi, sem hann hefur lagt fram, er þóknun og útlagður kostnaður talinn nema kr. 305.486 þann 15. júlí 1971. Upp í þá fjárhæð hefur stefndi greitt kr. 10.000 þann 4. des. 1969 og kr. 173.292 þann 5. des. 1973. Mismunur, sem er ógreiddur, nemur kr. 122.194. Þann 8. okt. 1975 hefur stefnandi fært á reikning sinn gjaldalið, sem hann nefnir vexti og verðbólgebætur, að fjárhæð kr. 177.806. Samtals nemur þessi þáttur kröfunnar kr. 300.000.

Síðari þáttur kröfu stefnanda er skv. framlögðum reikningi talinn ferðakostnaður sumarið 1974 og annar útlagður kostnaður svo og þóknun vegna vinnu og dagpeningar að fjárhæð kr. 500.000. Stefnandi telur þennan kröfubátt til kominn vegna setu sinnar í gerðardómi að ósk stefnda og vegna vinnu í dóminum.

Samtals nema kröfuliðirnir því kr. 800.000, en frá þeirri fjárhæð koma kr. 100.000, sem stefndi greiddi stefnanda 8. janúar 1976, og nemur dómkrafan því nú kr. 700.000 auk vaxta og málskotnaðar, eins og áður greinir.

Framangreindir þættir dómkröfunnar verða nú athugaðir og afstaða tekin til þeirra hvors um sig.

Hvað varðar fyrri þátt kröfu stefnanda hefur það komið í ljós, að á fundi, sem bændur og landeigendur í Laxárdal héldu að Þverá 21. september 1969 og talinn er stofnfundur Landeigendafélags Laxár og Mývatns, var stefnandi kosinn til þess að vera fulltrúi samtakanna með tveim öðrum nafngreindum mönnum. Fundurinn var haldinn og samtök þessi mynduð í tilefni svonefndrar Gljúfurversvirkjunar og yfirlýsingar Laxárvirkjunar h/f þess efnis að vilja ná eignarhaldi á jörðum í Laxárdal. Á fundinum voru gerðar samþykktir um þessi efni o.fl. Hinum kjörnu fulltrúum var falið að fara með umboð samtakanna og veita félagsmönnum aðstoð og leiðbeiningar, sem þeir kynnu að óska eftir. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi átt frumkvæði að fundi þessum og stofnun félagsins, en eigi eru færðar sönnur á, að svo hafi verið. Hins vegar kemur fram í ljósriti af bréfi Hermóðs Guðmundssonar, þáverandi formanns Landeigendafélags Laxár og Mývatns, dags. 20. júlí 1972, viðurkenning á störfum

stefnanda fyrir félagið, og er þar komist svo að orði, að hans „harða og ósveigjanlega afstaða í þessu máli var okkur mikilvæg á örlagastund“, og stefnanda þakkað fyrir þátt hans í baráttu fyrir málstað félagsins. Verður eigi dregið í efa, að stefnandi hefur leyst af hendi fyrir stefnda gagnsamleg störf, sem honum ber sanngjörn þóknun fyrir, svo og haft af þeim störfum kostnað, sem ber að greiða. Þessi þáttur starfa, sem stefnandi gerir kröfu fyrir, tekur yfir tímabilið frá 1969 til 1971. Reikningur stefnanda, dags. 15. júlí 1971, að fjárhæð kr. 305.486 hefur verið viðurkenndur af gjaldkera stefnda, eftir að greiddar höfðu verið kr. 183.292 til stefnanda. Eftirstöðvar reikningsins, sem þar eru taldar kr. 122.194, ber að viðurkenna með dómi þessum. Hins vegar er eigi unnt að taka til greina reikningsliðinn: vextir og verðbólgebætur, sem er í einu lagi talinn að fjárhæð kr. 177.806.

Síðari þáttur dómkröfu stefnanda er þóknun fyrir setu í gerðardómi, útlagður kostnaður og dagpeningar vegna ferðalaga í þágu stefnda og eftir ósk hans, greinargerð til stefnda vegna gerðardómsstarfans og ýmislegar ráðleggingar, sem stefnandi telur sig hafa veitt í tengslum við mál þau, sem risu út af virkjunaráformum í Laxá.

Gerðardómur sá, er um ræðir í máli þessu, var skipaður skv. ákvæðum sammings, sem gerður var milli stjórnar Laxárvirkjunar, Landeigendafélags Laxár og Mývatns og ríkisstjórnar Íslands, dags. 18. maí 1973. Í 3. gr. sammingsins segir, að gerðardómur 3 valinkunnra manna skuli skera úr skaðabótakröfu landeigenda við Laxá og Mývatns á hendur Laxárvirkjunar. Landeigendur skyldu tilnefna einn mann í dóminn og stjórn Landsvirkjunar einn, en einn maður skyldi vera tilnefndur af Hæstarétti, og skyldi sá vera lögfræðingur og jafnframt formaður dómsins. Í upphafi var Þórir Baldvinsson arkitekt tilnefndur af hálfu stefnda í gerðardóminn og vann í honum, en hann lét af störfum sökum heilsubreysts aðallega. Var stefnandi þá tilnefndur af stefnda í dóminn, svo sem fram kemur í tilkynningu þar um í bréfi stefnda til formanns dómsins, dags. 23. júlí 1974. Er hér var komið, höfðu verið flutt fyrir gerðardóminum 8 mál. Alls voru þingfest þar 25 mál. Áður en stefnandi tók sæti í dómnum, var kominn upp ágreiningur milli dómenda um verkvið dómsins. Formaður dómsins og fulltrúi Laxárvirkjunar í dómnum töldu, að dómurinn ætti að fjalla um skaðabótaskyldu og fjárhæð bóta, en fulltrúi Landeigendafélagsins taldi dómminn einungis eiga að meta tjón og bætur til sóknaraðilja málsins. Stefnandi hafði, eftir að hann tók sæti í dómnum, sömu afstöðu til þessa sem fyrirrennari hans. Er ljóst var, að þessi ágreiningur lá fyrir, tilkynnti formaður dómsins sammingsaðiljum með bréfi, dags. 12. ágúst 1974, um þessi vandkvæði í því skyni, að þeir mörkuðu verksvið gerðardómsins. Eigi liggur fyrir í máli þessu, hver viðbrögð sammingsaðilja gerðardómsins urðu. En í þinghaldi dómsins 18. október 1974 er bókað um þennan djúpstæða á-

greining dómenda, og lýsti formaður þá yfir því, að hann teldi hlutverki dómsins lokið, og kunngerði meðdómendum sínum þá ákvörðun sína að segja af sér formennsku í gerðardóminum. Í flutningi máls þessa kom fram, að lögmaður stefnanda taldi hann aldrei hafa sagt af sér störfum í gerðardóminum. Hann benti á, að nýr gerðardómur hefði verið skipaður, en dómur í skaðabótamálunum hefðu aldrei verið kveðnir upp, en þeim málum hins vegar lokið með sátt. Þótt svo hafi farið, sem rakið er hér að framna, um mál þau, sem gerðardómi var ætlað að skera úr, er ljóst af gögnum málsins og flutningi, að allmikil störf hafa fylgt meðferð þeirra mála fyrir gerðardómi og að stefnandi hefur lagt af mörkum í gerðardóminum mikil störf og varið til þeirra vinnu, tíma og jafnframt lagt út fé fyrir ýmislegan kostnað af þeim sökum. Stefnandi hefur lagt fram dagbókarhald yfir vinnu sína og útlagðan kostnað vegna stefnda, eftir að hann tók sæti í gerðardóminum 22. júlí 1974, og nema þær fjárhæðir samtals kr. 70.556. Þykir eigi ástæða til að vefengja þessar færslur, enda hefur þeim út af fyrir sig eigi verið mótmælt. Það verður að telja augljóst, að stefnanda ber greiðsla fyrir þau störf, sem hann skv. þessu innti af hendi, meðan hann átti sæti í gerðardóminum, og kostnað þar af leiðandi, og þar sem stefndi útnefndi hann í dóminn, ber stefnda að annast þá greiðslu, enda viðurkennt þá greiðsluskyldu með því að greiða 8. janúar 1976 kr. 200.000 sameiginlega til stefnanda og Þóris Baldvinssonar. Það er viðurkennt, að af þeirri fjárhæð fékk stefnandi kr. 100.000, og lækkar þessi kröfuliður um þá fjárhæð sem áður segir. Það ber hins vegar að viðurkenna, að krafa stefnanda er, hvað fjárhæð snertir, lítt rökstudd eða sundurliðuð, þegar frá er talinn kostnaður skv. dagbókarfærslum, sem að framan getur. Þegar litið er til tímans, sem gerðardómsstörf stefnanda eru unnin á, og höfð er hliðsjón af verðlagi, sem þá var, og þar sem umkrafinni fjárhæð hefur verið mótmælt af hálfu stefnda, þykir rétt að lækka þennan kröfulið í kr. 200.000

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 122.194 + 200.000, samtals kr. 322.194. Þykir eftir atvikum rétt að dæma stefnda til þess að greiða almenna dómvexti af þeirri fjárhæð þannig: 7% ársvexti af kr. 122.194 frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvexti frá þeim degi til 8. október 1975, frá þeim degi sömu vexti af kr. 322.194 til 30. apríl 1976, frá þeim degi 13% ársvexti til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 24% ársvexti frá þeim degi til 30. nóvember 1979 og 31% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 150.000 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði stefnanda, Páli Magnússyni, kr. 322.194 með 7% ársvöxtum af kr. 122.194 frá 15. júlí 1971 til 1. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 8. október 1975 og sömu ársvöxtum af kr. 322.194 frá þeim degi til 30. apríl 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 150.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1983.

Nr. 293/1980. **M**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

K

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Barnsfaðernismál. Fyllingareiður. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1980. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.